

Fréttabréf

Kjötafurðastöðvar KS & Sláturhúss KHV ehf.

1. tbl Júní 2010.

Kjötafurðastöð KS, Eyrarvegi 20, 550 Sauðárkróki. www.ks.is - bondi@ks.is - Sími: 455 4580
Sláturhús KHV ehf, Norðurbraut 24, 530 Hvammstangi. www.skvh.is - magnus@skvh.is - 455 2330

Ágætu bændur,

Kjötafurðastöð KS og SKVH senda nú út sameiginlegt fréttabréf, en undanfarin ár höfum við farið saman til funda við bændur um þetta leyti. Ákvörðun hefur hinsvegar verið tekin um að sjá aðeins til með fundina og senda frekar út upplýsingar í formi fréttabréfs.

Tíminn líður hratt og fyrr en varir verður komin enn önnur sláturtíð og er starfsfólk okkar í óða önn að undirbúa hana. Of snemmt er að gefa út verð á þessum tímamarki þar sem forsendur liggja ekki fyrir.

Það sem mestu ræður þar um eru að sjálfsögðu birgðamál en samdráttur er talsverður í innanlandssölu, það sem hefur hinsvegar vegið á móti er góður árangur í útflutningi en verulegt hlutfall afurða frá síðastliðnu hausti fór á erlenda markaði. Núna standa yfir samningaviðræður við erlenda kaupendur og er alveg ljóst að niðurstöður af þeim viðræðum munu ráða miklu um verð til bænda í haust. Það er ánægjulegt hvernig útflutningur hefur þróast og ekki síst í ljósi þess, að við sem stöndum í forsvari fyrir þessar tvær afurðastöðvar höfum á undanförunum árum talað fyrir þeim möguleikum sem íslenskt lambkjöt hefur á erlendum mörkuðum og fengið ykkur bændur til þess að hafa trú á því með okkur. Þótt innanlandsmarkaðurinn sé og verði alltaf mikilvægur þá er staðreyndin sú að þar kemur fram samdráttur nú og lækkun verðs á veigamiklum skrokkahlutum.

Samdráttur hjá stóru framleiðslulöndunum Nýja Sjálandi og Ástralíu er staðreynd og ekki séð fyrir endann á því enn. Hinsvegar hefur gengi íslensku krónunnar verið að styrkjast og evran að veikjast og hefur þetta áhrif á útkomuna en það er trú okkar að hækkun á heimsmarkaðsverði muni halda í við þessa þróun á komandi hausti og bindum við því miklar vonir við okkar helstu erlendu markaði, Spán og




Bretland. Mikið kapp er lagt á að finna góðan markað erlendis fyrir lambalæri og höfum við tekið á leigu sérstaka pökkunarvél frá Þýskalandi til að pakka ferskum lærum til útflutnings og erum við að leita fyrir okkur í nokkrum löndum með sölu á þeim afurðum og er það spennandi verkefni.

Birgðastaðan hjá afurðastöðvunum er ásættanleg að mestu leyti, þó er lærahlutfall óþarflega hátt en annað mun ganga vel upp fyrir haustið. Allar gærur eru seldar einnig innmatur



*“góður árangur
náðst í sölu á
afurðum erlendis”*





en þó nokkuð er enn til af sviðum.

Á komandi hausti er stefnt að því að hefja slátrun í báðum afurðastöðvum í viku 36. og kynnum við hér í þessu fréttabréfi hvernig verð mun þróast á milli sláturvikna í þeim tilgangi að reyna að jafna sem best slátrun og ná henni samfelldri frá byrjun. Gott er fyrir bændur að velta því svolítið fyrir sér og panta sláturdaga tímalega.

Ný verðskrá fyrir nautgripakjöt hefur verið gefin út og þegar þetta er skrifað þá greiðum við nú einnig hæsta verð allra fyrir þær afurðir.

Megi sumarið vera ykkur gott og uppskeruríkt!

Ágúst Andrésson,
forstöðumaður Kjötafurðastöðvar KS

Verðþróun í sláturtíð

Eins og áður hefur komið fram þá liggja ekki forsendur til verðákvæðana fyrir. Taflan hér að neðan sýnir þó hvernig verð fyrir dilkakjöt muni þróast með þrepum í sláturtíð, þar sem hæsta verð er greitt fyrstu tvær vikurnar sem trappast svo niður og er lægst síðustu þrjár vikurnar.


Munur á hæsta og lægsta verði getur numið um 20%. Þegar að forsendur fyrir verðlagningu liggja endanlega fyrir verður gefin út verðlisti fyrir hvert verðtímabil fyrir sig. Með þessu er verið að reyna að jafna slátrun yfir sláturtíð og vega upp á móti gæðastýringarálagi, þannig að bændur sjá meiri hag í að koma fyrir með það sem tilbúið er til slátrunar.

Sú breyting verður nú í haust að sláturleyfishafar fá ekki greiddar vaxtabætur úr sauðfjársmningnum og verður þeim fjármunum komið beint til bænda og þá væntanlega í gegnum gæðastýringu. Í fyrra voru vaxtabæturnar um 37 kr/kg, sem munu nú færast beint til bænda en minnka greiðslugetu sláturleyfishafa sem því nemur.

Verð fyrir fullorðið mun ekki endilega fylgja sömu þrepun en allt útlit er fyrir að hægt verði að hækka verð á ærkjöti, þar sem markaðsverð á því hefur verið að hækka talsvert.

- 36. 6.-10. sept.
- 37. 13-17. sept.
- 38. 20.-24. sept
- 39. 27. sept- 1. okt.
- 40. 4. - 8. okt.
- 41. 11.- 15. okt.
- 42. 18. - 22. okt.
- 43. 25. - 29. okt.

“verðmunur getur numið allt að 20%”



Sláturfjárloforð og óskir um sláturdaga
er hægt að senda á netfangið
bondi@ks.is
eða magnus@skvh.is



Sjónvarpsþáttagerð - Frá Íslandi til Nýja-Sjálands -

Eins og mörgum er minnisstætt, sem sóttu bænda fundi okkar sl. vor, þá slóst Valdimar Einarsson með okkur í för. Eftir bænda fundina áttum við fund með Árna Gunnarssyni hjá Skotta Film og í framhaldinu var ákveðið að framleiða nokkra landbúnaðartengda og atvinnulífstengda þætti fyrir sjónvarp. Upphafleg fyrirmynd þáttanna er sjónvarpsþáttaröðin Country Calender á Nýja Sjálandi en þeir þættir hafa verið framleiddir óslitið í 40 ár.

Búið er að taka upp efni í 6 þætti, sem eru nú í klippingu. Einn þáttur er um Valdimar og hans störf á Nýja Sjálandi en þar er jafnframt varpað ljósi á þróun lambakjötsframleiðslu og möguleika íslenska lambakjötsins á heimsmarkaði.

Kjötafurðastöð KS og SKVH styrkja gerð þessa þátta.

Merkjamál

Bændur hafa leitað eftir upplýsingum hvernig þeir bera sig að varðandi pantanir, einnig spurt um virkni örmerkja/rafmerkja og tengingar við hugbúnað á býlum.

Kjötafurðastöðvarnar hvetja birgja og bændasamtökin að útbúa upplýsingar fyrir bændur sem ætla að örmerkja-/rafmerkjavæða en að öðru leiti bendir afurðastöðvarnar bændum á að hafa samband við birgja þegar kemur að framkvæmd og tækniupplýsingum. Aðkoma afurðastöðvanna verður í formi stuðnings vegna kaupa á ör-/rafmerkjum og felst hann í að afurðastöðvarnar styrkja bændur með framlagi fyrir magn af innlögðum dilkum sem eru með ör-/rafmerki. Bændur geta valið stuðning árið 2010 eða 2011.

Stuðningur Kjötafurðastöðvar KS og Sláturhúss KVH er sem hér segir:


Árið 2010.....kr.200. pr.stk eða árið 2011.....kr.200. pr.stk

Munur á örmerkjum; Sumir birgjar eru með merki í tveimur hlutum, karl og kerlingu en aðrir eru með merki sem stendur eitt og sér þ.e. klemma. Afurðastöðvarnar hafa enga skoðun á því hvort sé betra. Það sem farið er fram á er að örmerkjahlutinn sé endurnýtanlegur og að fyrir liggi samþykki frá MAST að endurnýta merkin.


Afköst hjá afurðastöðvunum á Sauðárkróki og Hvammstanga eru mjög mikil og þarf því að vera auðvelt að ná merkjum til að allt gangi snurðulaust fyrir sig. Birgjar útvega tangir/búnað sem þarf til að taka merki. Starfsmaður mun klippa sundur merkin sem eru í tveimur hlutum með þar til gerðum búnaði og verður rafræni hlutinn endurnýttur. Birgjar verða að koma með lausn á því hvernig hægt er að taka klemmur til endurnýtingar því afurðastöðin mun ekki skera burt þau merki sem ekki er hægt að klippa/smella. Merkin þarf að vera einfalt að þrifa því starfsmaður mun eingöngu losa merkin af einstaklingnum en ekki taka þau að öðru leiti í sundur. Afurðastöðvarnar munu síðan hreinsa merkin samkvæmt ferli viðurkenndu af MAST og koma þeim aftur til birgja.

Rafrænt kjötmat

Rafrænt kjötmat verður lagt til hliðar í haust. Ekki hefur náðst að fá fullkomið leyfi fyrir notkun þessarar tækni við kjötmat hér á landi. Núverandi fyrirkomulag er bundið í lögum og þarf því að breyta lögum til að fá rafrænt mat samþykkt. Ekki er útilokað að kerfið verði tekið í notkun síðar, ef lögum verða breytt og þessi aðferð heimiluð í nýjum lögum.



**Rafræn merki í sauðfé
- stuðningur við bændur**






Ávinningur hagræðingar og frekari tækifæri!

Á undanförunum árum hefur mikið verið rætt um hagræðingu í rekstri afurðastöðva. Fyrir mörgum hljómar orðið hagræðing eins og orðin tóm eftir orðagjálfur útrásavíkinga og annarra sem stærðu sig af ofurgróða útrásafyrirtækjanna.

Aðstandendur kjötafurðastöðva hafa ekki farið varhluta af umræðu um hagræðingu. Líklega hafa flestir bændur hlustað á eða lesið greinar þar sem talað eru um nauðsyn þess að fækka afurðastöðvum samhliða samdrætti í sauðfjárrækt og minnkandi markaðstöðu á innanlandsmarkaði.

Afurðastöðvum hefur fækkað töluvert á undanförunum árum. Dæmi um það er að haustið 1980 var slátrað 891.785 fjár í 58 sláturhúsum á landinu. Sláturhúsum fækkaði svo töluvert á næstu tveimur áratugum. Haustið 1990 var slátrað 624.774 fjár í 36 húsum og haustið 2000 var slátrað 592.671 fjár í 23 sláturhúsum. Haustið 2007 var svo slátrað 480.904 fjár í 9 sláturhúsum. Frá 2008 hefur svo verið slátrað sauðfé í 8 sláturhúsum. Sjá mynd

“aukin afkasta-
geta sláturhúsa”




Samhliða fækkun sláturhúsa hefur afkastageta þeirra sem eftir standa aukist til muna. Dæmi um það er að á Hvammstanga hefur afkastagetan aukist frá því að vera 1800 dilkar á dag upp í 2400 á dag, án þess að fjölga mannskap eða lengja vinnudaginn. Í Kjötafurðastöð KS hefur verið gengið enn lengra í því að bæta afköst. En þar er slátrað 3000 dilkum á dag.

Margir telja að fækkun afurðastöðva hafi ekki skila bændum hærra verði fyrir sínar afurðir og jafnvel sagt að fækkun leiði af sér aukið óhagræði vegna þess að flutningar aukast samhliða.

Til þess að meta hvort hagræðing í rekstri sláturhúsa hafi skilað sér í vasa bændu er gott að rýna í nokkrar vísitölur sem sjá má í töflu hér að neðan

Verðbr. frá fyrra ári.	2007	2008	2009	Uppsafnað
Smásöluverð lambakjöts	-0,3%	12,1%	-3,9%	8,1%
Verð á mat og drykkjarvörum	-4,4%	27,5%	4,8%	33,0%
Vísitala neysluverðs í heild	5,6%	17,9%	6,9%	34,1%
Verð til bændu á dilkakjöti	4,2%	16,8%	9,6%	33,3%
Breyting innanlandssölu	-2,1%	7,9%	-16,3%	-11,6%





Það sem lesa má úr töflunni er að verð til bænda hækkaði um 33% á meðan smásöluverð hækkaði einungis um 8%. Einnig má sjá að sala á innanlandsmarkaði dróst saman um 11%. Samdráttur á innanlandsmarkaði þýðir lægra skilaverð til sláturleyfishafa. Því innanlandsmarkaður gefur mest af sér.

Þess má einnig geta að launataxtar í sláturtíð hafa hækkað um 31% á sama tímabili. En launakostnaður er næst stærsti kostnaðarliður sláturleyfishafa á eftir afurðakaupum.

Ég ætla að leyfa mér að fullyrða að verð til bænda hefði ekki hækkað svo mikið umfram smásöluverð ef ennþá væri slátrað í 23 húsum eins og gert var árið 2000.



Því má segja að sú hagræðing sem átt hefur sér stað á undanförunum árum hafi gert afurðastöðvum kleift að hækka verð til bænda í samræmi við almennra verðþróun í landinu. Þrátt fyrir að smásöluverð hafi aðeins hækkað um fjórðung á við hækkanir til bænda vegna aukinnar samkeppni frá annarri matvöru.

Enn eru tækifæri til hagræðingar sem geta skilað sér í herra verði til bænda. Ekki má svo gleyma því að lægri kostnaður við slátrun styrkir samkeppnistöðu íslenskra

“verð til bænda hefur hækkað um 33% en smásöluverð um 8%”

landbúnaðarafurða á heimsmarkaði. Í ljósi þess að vægi útflutnings eykst ár frá ári er það mjög mikilvægt að vera samkeppnisfær á erlendum mörkuðum.

Tækifærin felast í enn frekari fækkun afurðastöðva og aukinni verkaskiptinu þeirra á milli. Dæmi um það er að öllu sauðfé mætti slátra án teljandi vandræða í fjórum sláturhúsum í stað átta. Nautgripum og hrossum mætti slátra í þremur sláturhúsum í stað átta. Úrvinnsla kjötafurða fer fram á alltof mörgum stöðum í dag. Sérhæfingin er lítil og nýting á mannskap, tækjum og húsnæði er léleg.

Þetta hefur allt saman mikinn kostnað í för með sér, kostnaður sem verður aðeins tekin úr vösum bænda.


Bændur hafa ekki bolmagn til að standa straum af óþarfa óhagræði við slátrun og úrvinnslu afurða. Verkaskipting milli sláturhúsa hvort sem það yrði gert með því að sameina fyrirtæki eða með samvinnu getur skilað bændum og öðrum hagsmunaaðilum tugum milljóna í aðra hönd.

Þess vegna er það hagsmunamál bænda að forsvarsmenn afurðastöðva fari að skoða það að auka verkaskiptingu og/eða mögulegar sameiningar. Markmiðið á að vera að fækka sauðfjár- og stórgripasláturhúsum enn frekar.

Við trúum því að það séu tækifæri í íslenskum landbúnaði og lítum björtum augum á framtíðina. Þegar herðir að verðum við að verjast og sagt er að sókn sé besta vörnin. Sækjum til framtíðar með öflugum afurðastöðvum.

**Magnús Freyr Jónsson,
framkvæmdastjóri SKVH ehf.**

**Hefur þú áhuga á að fræðast um Matarvirkið?
www.matarvirkið.is**





Hjá okkur færð þú



Flísar
Dúka
Dregla



Handverkfæri
Rafmagnsverkfæri
og fleira



Vingerðarefni
Kol
og fleira



Rekstrarvöru
Sápur
Pappír



Plast
Net
Garn



Kjarnfóður
Kálfamjólk
Saltsteina



Gallager rafgirðingar
Spenna
Einangrara



Blöndunartæki
Handlaugar
Sturtuklefa



Áburð
Kalk
Fræ



Túnnet
Staura
Gaddavír



Hliðagrindur
Lamir
Læsingar



Hestavörur
Leður
Fatnaður



Gæludýravörur
Fóður
Leikföng og fleira




Burðarvið
Grindarefni
Gagnvarið

og margt margt fleira!

 **Verzlunin Eyri**

Opið: mán. - fös. 8 - 18
Lau. 10-13 / S: 455 4610






Viðskiptavefur

Kaupfélag Skagfirðinga hefur sett upp viðskiptavef á internetinu sem ætlaður er fyrir viðskiptamenn félagsins. Þar er hægt að skoða stöðu á viðskiptareikningi við KS, prenta út yfirlit og reikninga og einnig að fá upplýsingar um afurðir sem seldar eru til KS.

Sækja þarf sérstaklega um aðgang að Viðskiptavef KS. Umsókn má senda með tölvupósti á netfangið ks@ks.is eða hringja í síma 4554500 og fá samband við Skrifstofu KS.




“viðskiptavinir KS geta nálgast upplýsingar um viðskipti sín þegar þeim hentar”

Kaupfélag Skagfirðinga vonar að þessi vefur verði góð viðbót við þá þjónustu sem KS veitir viðskiptavinum sínum og auðveldi þeim að nálgast upplýsingar um viðskipti sín við félagið.

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KS og VÉLAVERKSTÆÐI KS
Við bjóðum upp á **alla almenna viðgerðarþjónustu** í glæsilegri nýrri aðstöðu í Kjarnanum á Sauðárkróki.



KJARNINN :: Hesteyri 2 550 Sauðárkróki Sími 455 4500




Verð til bænda á nautakjöti

gildir frá 07.06.2010

Öll verð eru miðuð við þurrvigt og án vsk.		Kr/kg
UNI Úrval A	Heilir og hálfir skrokkar	558
UNI Úrval A <210 kg	Heilir og hálfir skrokkar	500
UNI Úrval B	Heilir og hálfir skrokkar	513
UNI Úrval B < 210 kg.	Heilir og hálfir skrokkar	473
UNI Úrval C	Heilir og hálfir skrokkar	438
UNI Úrval M+	Heilir og hálfir skrokkar	472
UNI Úrval M	Heilir og hálfir skrokkar	439
UNIA	Heilir og hálfir skrokkar	512
UNIA < 210 kg.	Heilir og hálfir skrokkar	488
UNIA < 180 kg.	Heilir og hálfir skrokkar	443
UNIA < 150 kg.	Heilir og hálfir skrokkar	387
UNIB	Heilir og hálfir skrokkar	483
UNIB < 210 kg.	Heilir og hálfir skrokkar	455
UNIB < 180 kg.	Heilir og hálfir skrokkar	410
UNIB < 150 kg.	Heilir og hálfir skrokkar	339
UNIC	Heilir og hálfir skrokkar	391
UNIM+	Heilir og hálfir skrokkar	471
UNIM+ < 180 kg.	Heilir og hálfir skrokkar	421
UNIM+ < 150 kg.	Heilir og hálfir skrokkar	360
UNIM	Heilir og hálfir skrokkar	439
UNIM < 180 kg.	Heilir og hálfir skrokkar	389
UNIM < 150 kg.	Heilir og hálfir skrokkar	338
UNIIA	Heilir og hálfir skrokkar	378
UNIIB	Heilir og hálfir skrokkar	348
UNIIM+	Heilir og hálfir skrokkar	350
UNIIM	Heilir og hálfir skrokkar	325
KIUA	Heilir og hálfir skrokkar	446
KIUB	Heilir og hálfir skrokkar	383
KIUC	Heilir og hálfir skrokkar	327
KIA	Heilir og hálfir skrokkar	439
KIB	Heilir og hálfir skrokkar	384
KIC	Heilir og hálfir skrokkar	283
KII	Heilir og hálfir skrokkar	307
KIII	Heilir og hálfir skrokkar	283
AKI	Heilir og hálfir skrokkar	266
AKII	Heilir og hálfir skrokkar	196
AKIII	Heilir og hálfir skrokkar	166
UKI	Heilir og hálfir skrokkar	228
UKII	Heilir og hálfir skrokkar	186
UKIII	Heilir og hálfir skrokkar	146

“ Verðhækkun til nautgripabænda ”



Kjötafurðastöð KS

Eyrarvegi 20 - 550 Sauðárkrúki
Sími: 455 4580 - Myndsendir: 455 4581

Sláturhús KVH

Norðurbraut 24 - 530 Hvammstanga
Sími: 455 2330 - Myndsendir: 451 2302

Ábyrgðarmenn: Ágúst Andrés�on - Magnús Freyr Jónsson
Umsjón: Pétur Friðjónsson - Prentun: Nýprent